

Miðvikudaginn 3. desember 1969.

Nr. 133/1969. **Byggingarfélag verkamanna og sjómanna í Ólafsvík**

(Páll S. Pálsson hrl.)

gegn

**Sveinbirni Sigtrygssyni og gagnsök.**

(Vilhjálmur Árnason hrl.).

**Dómenndur:**

hæstaréttardómaramarnir Jónatan Hallvarðsson, Benedikt Sigurjónsson og Einar Arnalds og prófessorarnir Gaukur Jörundsson og Magnús P. Torfason.

Húsbyggingar. Skaðabætur.

**Dómur Hæstaréttar.**

Aðaláfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 15. júlí 1969, að fengnu áfrýjunarleyfi 25. júní s. á. Eru kröfur hans þessar:

*Í aðalsök:* Að gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 104.212.14 ásamt 6% ársvöxtum frá 12. apríl 1965 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

*Í gagnsök:* Að honum verði einungis gert að greiða gagnáfrýjanda kr. 9.583.43 og að gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 24. júlí 1969. Gerir hann þessar kröfur:

*Í aðalsök:* Að honum verði einungis dæmt að greiða aðaláfrýjanda kr. 2.431.57 og að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

*Í gagnsök:* Að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum „kr. 129.640.54 auk 7% ársvaxta af kr. 11.029.94 frá 5. febrúar 1964 til greiðsludags að viðbættum 7% ársvöxtum af kr. 118.619.60 frá 1. desember 1964 til greiðsludags“ og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Með samningi 31. maí 1963 tók gagnáfrýjandi, sem er trésmíðameistari að iðn, að sér smíði íbúðarhúsa, sem aðaláfrýjandi hugðist reisa í Ólafsvík. Í samningi þessum segir

svo: „Nefndur húsasmíðameistari annist smíði húsanna, að svo miklu leyti sem það fellur undir hans fag, þar með talið smíði glugga og innréttinga. Verðlag á tímavinnu samkvæmt almennum kauptöxtum og almennt verð á þeim hluta smíðinnar, sem selt er í akkorði. Stjórn félagsins leggur á það áherzlu, að verkinu verði hraðað, svo sem föng verða á, og miðast við, að húsin verði komin undir þak um áramót, enda liggi vinnuteikningar fyrir, um leið og verkið er hafið. Formaður byggingarfélagsins, Ottó Árnason, hefir umsjón með byggingunum fyrir hönd félagsins, og skal húsameistarinn snúa sér að honum um það, sem að smíðinni við kemur“.

Ekki virðist hafa verið ráðinn múrarmeistari til að sjá um múrsmíði húsanna, en samkvæmt 11. tl. 4. gr. byggingarsamþykktar fyrir Ólafsvíkurbrepp nr. 223/1951, sbr. auglýsingu nr. 97/1948, má eigi nota fengið byggingarleyfi, fyrr en byggingarfulltrúa hefur verið tilkynnt, hver múrarmeistari sjái um múrsmíði.

Hús þau, sem um er fjallað í máli þessu, eru fjögur talsins, byggð úr steinsteypu. Byggingaframkvæmdir hófust um mánaðamótin maí og júní 1963. Samkvæmt skýrslu gagnáfrýjanda voru teikningar af hitalögnum eigi fyrir hendi, er steypa skyldi botnplötu húsanna, en á þeim teikningum, sem notaðar hafi verið við byggingarnar í upphafi, hafi ekki verið sýnt, hvernig frá gólfum skyldi gengið. Hafi hann átt símtal við Halldór Kristin Halldórsson, framkvæmdastjóra Húsnæðismálastofnunar ríkisins, um þetta efni og fengið þær upplýsingar, að gólf ættu að vera einangruð og að gert hafi verið „ráð fyrir því ilagi, þegar lofthæð húsanna var ákveðin“. Samkvæmt þessum upplýsingum og þar sem fyrirsvarsmenn aðaláfrýjanda hafi mjög eindregið krafizt þess, að byggingunum yrði haldið áfram, hafi botnplötur húsanna síðan verið steypar án raufa fyrir hitalagnir.

Samkvæmt málflutningi aðilja virðist greiðslum fyrir vinnu við byggingarnar hafa verið þannig hagað, að aðaláfrýjandi greiddi laun ófaglærðra verkamanna samkvæmt vinnuskrám gagnáfrýjanda án nokkurs álags til hans. Vinnulaun gagnáfrýjanda, nema hans og lærðra trésmíða virðist aðal-

áfrýjandi hafa greitt samkvæmt kaupskráum frá gagnáfrýjanda. Þá reiknaði gagnáfrýjandi sér 15% álag á þessi laun, sem aðaláfrýjandi einnig greiddi. Ógreiddur er þó einn reikningur gagnáfrýjanda fyrir laun og álag vegna vinnu, sem unnin var á árinu 1964.

Byggingu húsanna var síðan fram haldið sumarið 1963, en um haustið virðast hafa risið nokkrir úfar með aðiljum um byggingarnar.

Gagnáfrýjandi telur, að um áramótin 1963 og 1964 hafi húsinn verið komin undir þak, en eigi gler í glugga, enda hafi gler eigi verið fyrir hendi. Síðast virðist gagnáfrýjandi hafa unnið við húsinn 5. febrúar 1964. Hinn 8. apríl 1964 sagði aðaláfrýjandi upp samningi sínum við gagnáfrýjanda og bar við sanningsrofum af hans hendi. Með stefnu 21. desember 1964 höfðaði gagnáfrýjandi mál á hendur aðaláfrýjanda til heimtu vangoldinna launa og álags og svo bóta fyrir tapaðan ávinning, atvinnutjón og álitshnekki. Aðaláfrýjandi höfðaði gagnsök í máli þessu með stefnu 12. apríl 1965 og krafði gagnáfrýjanda um greiðslu efnis, endurgreiðslu á ofgreiddu álagi á vinnulaun og bætur vegna galla á húsunum, m. a. vegna þess að eigi hefðu verið steyptar raufar fyrir hitalagnir í botnplötur húsanna. Mál þetta var dæmt í héraði 19. marz 1966. Þeim dómi var skotið til Hæstaréttar. Með dómi Hæstaréttar 1. marz 1967 var héraðsdómurinn ómerktur og málinu vísað frá héraðsdómi vegna vanreifunar. Gagnáfrýjandi höfðaði mál af nýju með stefnu 26. maí 1967 og gagnáfrýjandi höfðaði gagnsök með stefnu 5. júní 1967. Var það mál dæmt í héraði 14. febrúar 1969.

*Aðalsök.* Kröfur sínar í aðalsök sundurliðar aðaláfrýjandi þannig:

1. Bætur vegna galla á húsum . . . .	kr. 65.500.00
2. Ofgreidd þóknun . . . . .	— 31.624.57
3. Úttekið efni . . . . .	— 2.431.57
4. Matskostnaður . . . . .	— 4.606.00

Um 1. Aðaláfrýjandi reisir kröfu þessa á matsgerð þeirra Finns Sigurðssonar og Ágústs Bjartmarz, sem rakin er í

héraðsdómi. Matsfjárhæð skipta matsmennirnir þannig, að þeir meta hæfilegar bætur, kr. 52.000.00, vegna þess að raufar hafi eigi verið steiptar í botnplötur húsanna í upphafi og því orðið að leggja hitalagnir ofan á gólfín og steypa síðan yfir gólfín til að hylja lagnirnar. Bætur vegna annarra galla mátu þeir kr. 13.500.00. Í málinu hafa ekki komið fram teikningar af húsum þessum, áritaðar af byggingaryfirvöldum í Ólafsvíkurbreppi, sbr. 10. tl. og 3. tl. 4. gr. byggingarsamþykktar fyrir Ólafsvíkurbrepp nr. 223/1951, sbr. auglýsingu nr. 97/1948. Í málinu hafa hins vegar verið lagðar fram þrjár teikningar, sem samkvæmt málflutningi aðilja hafa verið notaðar við byggingu húsa þessara, teikning af hitalögn, gerð í nóvember 1962, grunnmynd, gerð í september 1963, og sérteikningar af undirstöðum og jarðgólfi, gerðar í apríl 1964. Ekki hefur verið skýrt í málinu, hverju sæti þessi munur á dagsetningum teikninganna og byggingartíma húsanna. Matsmenn virðast eigi hafa veitt þessu athygli, og er matsgerð þeirra meðal annars áfátt að því leyti. Aðaláfrýjandi hefur ekki leitt sönnur að því, að sú gerð botnplátna og gólfa, sem gagnáfrýjandi notaði við byggingu húsanna, sé óforsvaranleg eða geti á neinn hátt varðað hann bótaskyldu, eins og á stóð, enda verður ekki séð, að eftirlitsmaður aðaláfrýjanda við byggingarnar hafi hreyft athugasemdum við gerð þeirra. Þá er ósannað, að færa hafi þurft dósir fyrir raflagnir, þannig að gagnáfrýjandi verði talinn bótaskyldur af því efni. Sannað er, að veggir í einu húsanna eru eigi réttir. Telja verður, að gagnáfrýjandi beri fébótaábyrgð á þessum göllum, og þykir eiga að leggja til grundvallar mat héraðsdóms um þetta atriði. Samkvæmt þessu verður þessi kröfuliður aðaláfrýjanda tekinn til greina með kr. 9.000.00.

*Um 2.* Aðaláfrýjandi greiddi fé það, sem hér um ræðir, án fyrirvara. Hefur hann engin örugg gögn fært fram fyrir því, að hann megi endurkrefja þetta fé úr hendi gagnáfrýjanda, og verður þessi kröfuliður því eigi tekinn til greina.

*Um 3.* Þessi kröfuliður er viðurkenndur af gagnáfrýjanda og verður því til greina tekinn.

*Um 4.* Samkvæmt 5. tl. 2. mgr. 175. gr. laga nr. 85/1936 ber að telja kröfu þessa með málskostnaði.

Samkvæmt framangreindu verða úrslit aðalsakar þau, að gagnáfrýjanda verður dæmt að greiða aðaláfrýjanda kr. 11.431.57 með 6% ársvöxtum frá 12. apríl 1965 til greiðsludags.

*Gagnsök:* Kröfur sínar í gagnsök sundurliðar gagnáfrýjandi þannig:

1. Ógreidd vinnulaun samkvæmt reikningi 5.

febrúar 1964 . . . . . kr. 9.583.43

2. Álag á kröfu samkvæmt 1. lið . . . . . — 1.437.51

3. Bætur fyrir tapaðan hagnað . . . . . — 68.614.60

4. Bætur fyrir álitshnekki og atvinnutjón . . . . . — 50.000.00

*Um 1.* Þessi kröfuliður er viðurkenndur.

*Um 2.* Í samningi aðilja, sem fyrr hefur verið rakinn, segir um laun þannig: „Verðlag á tímavinnu skv. almennum kaup-töxtum“. Hins vegar er ekki fjallað þar um sérstakt álag til gagnáfrýjanda. Ósannað er, að fyrirsvarsmenn aðaláfrýjanda hafi samþykkt að greiða gagnáfrýjanda álag þetta. Þegar þessa er gætt, verður eigi talið, að gagnáfrýjandi hafi fært þau rök fyrir þessari kröfu sinni, að unnt sé að taka hana til greina.

*Um 3. og 4.* Gagnáfrýjandi byggir þessa kröfuliði á því, að fyrrgreind uppsögn aðaláfrýjanda á samningi þeirra aðiljanna hafi verið ólögmet og valdið honum tjóni. Gegn andmælum aðaláfrýjanda hefur gagnáfrýjandi ekki fært nægileg rök fyrir tjóni, sem hann kann að hafa orðið fyrir vegna uppsagnar fyrrgreinds samnings. Verður því þegar af þeirri ástæðu eigi hægt að taka þessa kröfuliði gagnáfrýjanda til greina.

Samkvæmt þessu verða úrslit gagnsakar þau, að aðaláfrýjandi verður dæmdur til að greiða gagnáfrýjanda kr. 9.583.43 með 7% ársvöxtum frá 5. febrúar 1964 til greiðsludags.

Eftir þessum úrslitum og með hliðsjón af flutningi máls þessa þykir rétt, að málskostnaður bæði í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

## Dómsorð:

Í aðalsök greiði gagnáfrýjandi, Sveinbjörn Sigtryggsson, aðaláfrýjanda, Bryggingarfélagi verkamanna og sjómanna í Ólafsvík, kr. 11.431.57 með 6% ársvöxtum frá 12. apríl 1965 til greiðsludags.

Í gagnsök greiði aðaláfrýjandi gagnáfrýjanda kr. 9.583.43 með 7% ársvöxtum frá 5. febrúar 1964 til greiðsludags.

Málskostnaður í báðum sökum í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

**Dómur aukadómþings Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu**

**14. febrúar 1969.**

Mál þetta, sem dómtekið var þann 10. september s.l., hefur Sveinbjörn Sigtryggsson byggingameistari í Ólafsvík, Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu, höfðað fyrir aukadómþingi Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu með stefnu, útgefinni 26. maí 1967, gegn Byggingarfélagi verkamanna og sjómanna í Ólafsvík til greiðslu á kr. 129.640.54 auk 7% ársvaxta af kr. 11.020.94 frá 5. febrúar 1964 til greiðsludags að viðbættum 7% ársvöxtum af kr. 118.619.60 frá 1. desember 1964 til greiðsludags og málskostnaði að mati dómsins.

Stefndi krefst sýknu og málskostnaðar.

Enn fremur hefur stefndi höfðað gagnsök með stefnu, útgefinni 5. júní 1967, og krafist þess, að gagnstefndi verði dæmdur til að greiða kr. 104.212.14 auk 7% ársvaxta frá útgáfudegi gagnstefnu til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu.

Aðalstefnandi krefst sýknu og málskostnaðar í gagnsök.

Mál út af sama sakarefni hefur áður verið rekið hér fyrir dómnum, og var dómur í því uppkveðinn þann 19. marz 1966. Dómi þessum var áfrýjað til Hæstaréttar, sem með dómi sínum, uppkveðnum 1. marz 1967, ómerkti héraðsdóminn og vísaði málinu frá héraðsdómi.

Málavextir eru þeir, að með samningi, dags. 31. maí 1963, var

aðalstefnandi ráðinn til þess að byggja þau íbúðarhús, sem gagnstefnandi hugðist reisa á því ári. Verðlag á tímavinnu við smíðina skyldi vera samkvæmt almennum kauptöxtum og almennt verð á þeim hluta smíðinnar, sem seldur yrði í akkorði. Verkinu skyldi hraðað og miðast við, að húsin yrðu komin undir þak um næstu áramót, enda skyldu vinnuteikningar liggja fyrir, um leið og verkið hæfist.

Hin umræddu hús urðu fjögur.

Byggingaframkvæmdir munu hafa hafizt um mánaðamótin maí/júní 1963. Greiðslu vinnulauna annaðist formaður gagnstefnanda allan tímunn samkvæmt vinnulistum frá aðalstefnanda. Aðalstefnandi reiknaði sér 15% meistaraálag á vinnu sína, eins smíðs og lærlings. Aðalstefnandi hætti vinnu við húsin 5. febrúar 1964. Með bréfi, dags. 8. apríl 1964, sagði gagnstefnandi upp ráðningarsamningi sínum við aðalstefnanda, sem mótmælti uppsögninni með bréfi, dags. 10. sama mánaðar. Undir rekstri málsins voru dómkvaddir þeir Ágúst Bjartmarz byggingameistari, Stykkishólmi, og Finnur Sigurðsson múrarameistari, Stykkishólmi, til þess að meta til peningaverðs smíðagalla á framangreindum húsum, sem talið var, að aðalstefnanda væri um að kenna. Mat þeirra var á þá leið, að kosta mundi kr. 65.500.00 að bæta úr göllum, sem væru á smíði húsanna. Einnig voru dómkvaddir menn til þess að meta til peningaverðs alla óunna fagvinnu í framangreindum fjórum íbúðarhúsum, er aðalstefnandi sem trésmíðameistari átti að annast smíði á, að því leyti er undir hans fag félli, þar með talin smíði glugga og innréttinga samkvæmt ráðningarsamningi hans við gagnstefnanda, og skyldi matið miðast við það, sem óunnið var af þessari fagvinnu, þegar aðalstefnandi hætti vinnu við húsin. Dómkvaddir voru Hörður Kristjánsson byggingameistari, Stykkishólmi, og Tómas Vigfússon byggingameistari, Reykjavík. Mat þeirra á framangreindu nam kr. 64.388.00.

Aðalsök. Kröfur sínar sundurliðar aðalstefnandi þannig:

1. Reikningur, dags. 5. febrúar 1964 . . . . .	kr.	9.583.43
2. 15% álag á þennan reikning . . . . .	—	1.437.51
3. Tapaður ávinningur (17.154.90 pr. hús) . . . . .	—	68.614.60
4. Bætur fyrir álitshnekki og atvinnutjón . . . . .	—	50.000.00

---

Samtals kr. 129.640.54

Um 1. Kröfur sínar samkvæmt þessum tölulið rökstyður aðalstefnandi þannig, að reikningur þessi sé samkvæmt síðustu kaupskrá aðalstefnanda fyrir vinnu við framangreind hús gagnstefnanda samkvæmt ráðningarsamningi aðilja. Neitað hafi verið um greiðslu reikningsupphæðarinnar að ástæðulausu, þegar reikningurinn var sýndur. Gagnstefnandi hefur mótmælt reikningnum sem röngum. Ekki hefur hann þó sýnt fram á, að hann sé tölulega rangur, og ekki heldur, að vinna samkvæmt kaupskránni, sem reikningurinn byggist á, hafi ekki verið unnin. Verður þessi liður kröfu aðalstefnanda því tekinn til greina.

Um 2. Eftir að ráðningarsamningur aðilja var gerður, en áður en fyrsta greiðsla vinnulauna fór fram, kveðst aðalstefnandi hafa samið svo um munnlega við tvo stjórnarmenn gagnstefnanda, þá Ottó Árnason, formann gagnstefnanda, og Þórð Þórðarson, að sér yrði greitt 15% meistaraálag á selda vinnu sína, eins smíðs og lærlings. Álag þetta hafi síðan verið greitt athugasemdalaust allan tímann nema á síðasta reikninginn (sbr. lið 1). Það hafi verið venja í Ólafsvík, að byggingameistarar tækju 15—20% álag á útselda vinnu, og árið 1963 hafi álagið verið 18.3%.

Mótmæli sín gegn þessum lið kröfu aðalstefnanda byggir gagnstefnandi á því, að aldrei hafi verið samið við aðalstefnanda um, að hann fengi greitt meistaraálag vegna byggingar framan­greindra húsa. Það hafi heldur ekki verið venja, að slíkt álag væri greitt í Ólafsvík á þeim tíma, sem húsin voru í smíðum.

Við yfirheyrslur í málinu hafa bæði Ottó Árnason, formaður gagnstefnanda, og Þórður Þórðarson meðstjórnandi mótmælt því, að samið hafi verið við aðalstefnanda um 15% meistaraálag. En vegna ókunnugleika hafi formaður gagnstefnanda greitt það, þar til hann fékk vitneskju um, hver kauptaxtinn væri í Ólafsvík.

Vigfús Vigfússon, byggingameistari í Ólafsvík, sem kom fyrir dóm í málinu, kveðst alltaf hafa tekið meistaraálag og hafi það að meðaltali verið 15%. Vitni þetta bar einnig, að formaður gagnstefnanda, Ottó Árnason, hafi sagt, að aðalstefnandi fengi 15% meistaraálag á vinnu við hús gagnstefnanda og væri það samkvæmt samningi málsaðilja.

Framburði þessum var mótmælt sem röngum og vilhöllum, þar sem vitnið og aðalstefnandi eru mágar.

Böðvar Bjarnason, byggingameistari í Ólafsvík, kom einnig fyrir dóminn. Hann kveðst hafa tekið 10% meistaraálag á vinnu sína frá árinu 1963.

Byggingameistarar í Ólafsvík eru fjórir. Þeir þeirra hafa komið

fyrir dóm í málinu, og ber þeim öllum saman um, að venja hafi verið að taka meistaraálag á selda vinnu í Ólafsvík á þeim tíma, sem aðalstefnandi vann að byggingu húsa gagnstefnanda. Með tilliti til þess og framburðar vitnisins Vigfúsar Vigfússonar um það, hvað Ottó Árnason sagði því um samning málsaðilja varðandi 15% álagið, verður dómurinn að líta svo á, að aðalstefnanda hafi verið heimilt að reikna sér framangreint meistaraálag. Styðst það enn fremur við þá staðreynd, að álagið var greitt athugasemdalaust á alla reikninga aðalstefnanda, sem gagnstefnandi hefur greitt. Þessi liður í kröfum aðalstefnanda verður því tekinn til greina.

Um 3. Þennan lið kröfugerðar sinnar rökstyður aðalstefnandi með því, að vegna þess að hann var rekinn frá verkinu, áður en það var fullunnið, hafi hann misst þann hagnað, sem meistaraálag á óunna fagvinnu við húsið hefði fært honum, ef hann hefði fengið að ljúka verkinu. Uppsögn gagnstefnanda á ráðningarsamningnum hafi verið algerlega óréttmæt, þar sem aðalstefnandi hafi í öllu fylgt fyrirmælum gagnstefnanda um tilhögun á verkinu og frávik frá teikningum. Það hafi ekki verið sín sök, að verkinu varð ekki lokið á tilsettum tíma, heldur hafi drátturinn, sem þó var óverulegur, stafað af því, að staðið hafi á efnisútvegum.

Gallar þeir, sem fram hafi komið á húsunum, séu heldur ekki sín sök, þar sem hann hafi byrjað á verkinu, áður en endanlegar teikningar lágu fyrir, vegna eftirrekstrar gagnstefnanda og einnig hafi hann vegna fyrirmæla gagnstefnanda notað gamalt timbur, sem gagnstefnandi átti, við einhvern hluta verksins og hafi það átt sinn þátt í þeim göllum, sem fram komu á húsunum. Uppsögnin hafi verið byggð á því, að aðalstefnandi tók meistaraálag við verkið, sem honum hafi þó verið fyllilega heimilt, og sú ástæða því ekki nægileg til að réttlæta uppsögnina. Fagleg mistök hafi löngu síðar verið tilgreind sem uppsagnarástæða, en ekki á þau minnst sem ástæðu í upphafi. Hin faglegu mistök hafi ekki verið sér að kenna, nema þá að litlu leyti, og réttlæti alls ekki uppsögnina, þar sem gallar á verkinu, sem kynnu að vera sér að kenna, hafi verið mjög óverulegir.

Gagnstefnandi reisir mótmæli sín gegn þessum kröfulið á því, að vegna hegðunar aðalstefnanda og framkvæmda við verkið hafi samningsriftunin verið algerlega réttmæt. Byggir hann það á því, að stefnandi hafi reiknað sér of hátt endurgjald, að hann virðist hafa haft tilraunir í frammi um að láta gagnstefnanda

greiða fyrir verk óviðkomandi samningum, að hann hafi ekki lokið tilskildum hluta verksins um áramótin 1963/1964, að hann hafi reynzt ósamvinnuþýður og að hann reisti bygginguna með verulegum meinbugum og frávikum frá teikningu.

Í framangreindri matsgerð þeirra Ágúst's Bjartmarz og Finns Sigurðssonar, sem dagsett er 1. marz 1965, segir m. a. á þessa leið:

„... Hús I. Ekki búið að leggja í gólfin. Lofthæð 268 cm. Raki í útvegg niður við gólf í svefnherbergjum, og tjáði eigandi, að vatn gengi inn um vegginn í rigningum. Húsið er enn ekki múrhúðað að utan, og getur vatnið gengið inn um steypuskil á vegg og plötu og orsakað vatn á gólfi. En þar sem veður var þurrt, er við vorum á staðnum, gátum við ekki rannsakað þetta frekar.

Hús II. Búið að leggja í gólf og múrhúða að innan, og reyndist lofthæð vera 251 cm. Milliveggur steypdur, sem gengur í gegnum húsið á lengdina, hefur á tveimur stöðum gengið úr skorðum í mótum, og steypdur þannig, að hann hallast allt að 5 cm. En sökum þess að búið var að múrhúða loft og veggi, var erfitt að gera sér grein fyrir, hve mikið hefði þurft að brjóta og kasta á vegginn til þess að rétta hann af. Í stofu, þar sem milliveggur kemur í útvegg, hefur hann ekki verið réttur af að fullu, og hallast hann þar um 2.8 cm. Útveggur í stofu hefur bagnað út um 2.2 cm, og er mesta beygjan um 2 m frá útvegg.

Gluggi er í þessum vegg, og er hann 5 m á lengd og 150 cm á hæð, og hefur hann bagnað með veggnum. Teljum við, að útilokað sé að setja rúður eða rétta gluggana af nema með því móti, að sett verði nýtt undirstykki í gluggann. Vegginn fyrir neðan gluggann, sem er 65 cm á hæð, var búið að rétta af með múrhúðun. Einnig verður að skipta um þverpóst í sama glugga.

Hús III. Í því var sjáanlegur rakablettur í lofti við múrpípu gangmegin. Teljum við, að eftir því sem bezt verður séð, að leki þessi stafi frá frágangi við reykhláf og hægt sé að komast fyrir hann með lagfæringu og endurbótum á þakjárninu við skorsteininn. Þakgluggi var ekki kominn á, en járnplata sett yfir opið. Þar sem gluggaopið er 150 cm til hliðar við skorstein, teljum við útilokað, að lekinn geti stafað frá því. Hins vegar tjáði eigandi okkur, að mikill raki væri í útvegg svefnherbergja eins og í húsi nr. I, og getur hann stafað að einhverju leyti frá lausri þakplötu, sem nær fyrir vegginn fram á þakbrún.

Það virðist vera sameiginlegt með öllum húsunum, að steypa í útveggnum veðrast nokkuð, sérstaklega á suðaustur hlið, og

verður því að álíta, að sá raki, sem kemur þar fram, stafi frá því, að vatn komist gegnum veggina, meðan húsin eru ekki múrhúðuð að utan.

Einnig er það sameiginlegt í öllum húsunum, að engar raufar eru í neðsta gólfi fyrir miðstöðvarlögnum, og hafa því lagnir verið lagðar ofan á gólfín, eins og þau eru nú. Verður því að steypa 10—12 cm lag til að hylja rörin fyrir utan venjulegt ílag. Þessi hækkun á gólfi orsakar það, að færa verður rafmagnsdósir, sem steyptar hafa verið í veggri niður við gólf, upp um þá hæð, sem gólfið hækkar.

Eftirfarandi mat höfum við komið okkur saman um: Steypa í gólf á 4 húsum kr. 52.000.00. Aðrir gallar kr. 13.500.00. Samtals kr. 65.500.00“.

Eftir að framangreint mat þeirra Finns Sigurðssonar og Ágústs Bjartmarz var framkvæmt, var óskað eftir því, að þeir endur-mætu framangreint verk, og er síðari matsgerð þeirra dags. 22. maí 1968. Matsgerð þessi er staðfesting á fyrra mati þeirra, og hafa þeir staðfest hana fyrir dómi.

Sannað er, að teikning af miðstöðvarlögn lá ekki fyrir, þegar botnplötur húsanna voru steypar, og telja verður, að bygginga-framkvæmdir hafi verið hafnar með fullu samþykki og að ósk rétttra aðilja, og verður það að teljast eðlilegt af byggingameist-aranum að steypa botnplötur húsanna án raufa fyrir miðstöðvar-lagnir, en gera ráð fyrir þykkara ílagi í gólf til að hylja ofaná-liggjandi lagnir, enda er sú aðferð langalgengust við byggingar minni húsa. Dómurinn lítur svo á, að riftun ráðningarsamnings vegna galla á verkinu hafi ekki verið réttmæt, þar sem stærsti hluti matsgerðarinnar, kr. 52.000.00, er vegna þykkara gólfílags, en aðrir gallar, kr. 13.500.00, það óverulegir, að ekki réttlæti uppsögn samningsins, enda var það ekki upphafleg riftunar-ástæða.

Einnig hefur komið í ljós við mælingu, að endanleg lofthæð húsanna er eðlileg.

Í áðurgreindu mati þeirra Harðar Kristjánssonar og Tómasar Vigfússonar segir m. a. á þessa leið:

„... Það, er matsmenn tóku til mats, er, eins og stendur í matsbeiðninni „ísetning á gleri, gluggakarmar, hurðir, sólbekkir, listar, eldhúsinnréttingar, skilrúm, skápar í svefnherbergi o. fl.“. Klæðning neðan á loftbita er ekki tekin með, þar sem loftin hafa verið steyppt. Reiknað er með, að úti- og innihurðir séu að-keyptar.

Matið er miðað við það, er óunnið var af þessari fagvinnu, er Sveinbjörn hætti störfum, og við, að verkið hefði verið unnið á þeim tíma, er gert er ráð fyrir í ráðningarsamningnum.

Hæfilegt verð teljum við á trésmíðavinnu á byggingarstað:

Vinna . . . . .	kr. 60.700.00
Umsjón . . . . .	— 9.740.00

Trésmíði unnin á verkstæði, svo sem eldhúsinnréttingar, fata-skápar ásamt uppsetningu, metum við:

Vinna . . . . .	kr. 161.600.00
Umsjón . . . . .	— 54.648.00

Eftir ósk Vilhjálmss Árnasonar hrl. höfum við metið vinnu við smíði á gluggum húsanna:

Vinna . . . . .	kr. 8.700.00
Umsjón . . . . .	— 2.937.00“.

Matsmennirnir hafa ekki verið kvaddir fyrir dóm til skýringa eða staðfestingar á matinu.

Álíta verður, að aðalstefnandi hafi orðið fyrir talsverðu tjóni vegna framangreindrar uppsagnar ráðningarsamningsins við aðalstefnda og að honum beri því bætur fyrir það tjón, sem sanngjarnt má telja, að hann hafi beðið. Eftir atvikum þykir hæfilegt að meta það á kr. 45.000.00.

Um 4. Kröfu sína samkvæmt þessum lið rökstyður aðalstefnandi á sama veg og kröfuna samkvæmt lið 3, að vegna hinnar óréttmætu uppsagnar á ráðningarsamningi aðilja hafi hann beðið álitshnekki og orðið fyrir atvinnutjóni. Gagnstefnandi hefur mót-mælt þessum lið með sömu röksemdum og kröfunni samkvæmt lið 3.

Aðalstefnandi hefur ekki sýnt fram á tjón sitt samkvæmt þessum lið, og verður krafa hans samkvæmt þessum lið því ekki tekin til greina.

Gagnsök: Kröfur sínar í gagnsök sundurliðar gagnstefnandi þannig:

1. Ágallar samkvæmt matsgerð . . . . .	kr. 65.500.00
2. Ofgreitt gagnstefnda . . . . .	— 31.624.57
3. Efnisreikningur . . . . .	— 2.431.57
4. Reikningur matsmanna . . . . .	— 4.606.00

---

Alls kr. 104.212.14

*Um 1.* Kröfu sína samkvæmt þessum lið byggir gagnstefnandi á því, að vegna galla þeirra, sem fram komu á verki aðalstefnanda, beri honum að greiða sér bætur, er svara til kostnaðar við að bæta úr göllunum. Upphæðin miðast við áðurgreinda matsgerð Ágúst's Bjartmarz og Finns Sigurðssonar.

Gagnstefnandi reisir mótmæli sín gegn þessum kröfulið á því, að engin teikning af hitalögn hafi verið fyrir hendi, þegar botnplötur húsanna voru steyptar. Ákvörðun um gerð gólfa hafi verið tekin á sama hátt og aðrar ákvarðanir um framkvæmd verksins, þ. e. í samráði við rétta aðilja, enda hafi engin mótmæli komið þá fram um þetta atriði. Það hafi verið ákveðið að leggja hitalögnina í einangrunarlag það, er koma skyldi á gólfín.

Eins og fram kemur hér að framan varðandi lið 3 í kröfum aðalstefnanda, verður dómurinn að líta svo á, að ekki hafi verið um þá galla á verki aðalstefnanda að ræða, að réttlæti riftun ráðningarsamningsins, og að stærsti liður matsgerðar Finns Sigurðssonar og Ágúst's Bjartmarz, kr. 52.000.00, verði ekki talinn gallar á verki aðalstefnanda og hann því ekki bótaskyldur að því leyti. Það, sem í matinu er kallað „aðrir gallar“ og metið er til fjár á kr. 13.500, er m. a. tilfærsla á rafmagnsdósum. Með vottorðum tveggja rafvirkja, sem höfðu með höndum raflagnir húsanna og lögð hafa verið fram í málinu, verður að teljast sannað, að ekki hafi verið um aðrar færslur á rafdósum að ræða en eðlilega samræmingu á hæð. Aðra galla, sem nefndir eru í viðkomandi matsgerð, telur dómurinn bótaskylda og hæfilega bætta með kr. 9.000.00.

*Um 2.* Kröfu sína samkvæmt þessum lið byggir gagnstefnandi á því, að hann hafi ofgreitt aðalstefnanda meistaraálag, sem upphæð þessa kröfuliðar nemi.

Með skírskotun til röksemda og niðurstöðu varðandi lið 2 í aðalsök verður þessi liður ekki tekinn til greina.

*Um 3.* Kröfur samkvæmt þessum lið byggir gagnstefnandi á því, að aðalstefnandi hafi fengið byggingarefni hjá sér, sem þessari upphæð nemur. Aðalstefnandi hefur viðurkennt réttmæti þessa kröfuliðar, og verður hann því tekinn til greina.

*Um 4.* Krafa samkvæmt þessum lið fellur undir ákvörðun um málskostnað.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, verður niðurstaða dómsins sú, að í aðalsök greiði aðalstefndi, Byggingarfélag verkamanna og sjómanna í Ólafsvík, aðalstefnanda, Sveinbirni Sigtryggssyni, kr. 56.020.94 (9.583.43 + 1.437.51 + 45.000.00) ásamt

7% ársvöxtum af kr. 11.020.94 frá 5. febrúar 1964 til greiðsludags að viðbættum 7% ársvöxtum af kr. 45.000.00 frá 1. desember 1964 til greiðsludags. Í gagnsök greiði gagnstefndi gagnstefnanda kr. 11.481.57 (2.481.57 + 9.000.00) ásamt 7% ársvöxtum frá 5. júní 1967 til greiðsludags.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður í báðum sökum falli niður.

Dóminn kváðu upp Jón S. Magnússon, fulltrúi sýslumanns Snærellsnes- og Hnappadalssýslu, og meðdómsmennirnir Björgvin Kristján Þorvarðarson og Þórður Ársæll Þórðarson byggingameistarar.

#### Dómsorð:

Í aðalsök greiði aðalstefndi, Byggingarfélag verkamanna og sjómanna í Ólafsvík, aðalstefnanda, Sveinbirni Sigtryggssyni, kr. 56.020.94 ásamt 7% ársvöxtum af kr. 11.020.94 frá 5. febrúar 1964 til greiðsludags að viðbættum 7% ársvöxtum af kr. 45.000.00 frá 1. desember 1964 til greiðsludags.

Í gagnsök greiði gagnstefndi gagnstefnanda kr. 11.481.57 ásamt 7% ársvöxtum frá 5. júní 1967 til greiðsludags.

Málskostnaður í báðum sökum falli niður.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.